

Truenorth Nordic ehf.
Fiskislóð 31a
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2021
UST202110-077/Þ.V.B.
09.06.01

Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Dimmuborgir

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 8. október 2021 um leyfi til kvikmyndatöku innan Dimmuborga.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 1262/2011. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku í og við Jólasveinahellinn í Dimmuborgum og stígum sem liggja að honum. Ekki verður farið út fyrir stíga. Að tókunum koma 12 starfsmenn. Áætlað er að tókurnar taki 2-3 tíma þann 21. október 2021. Búnaður verður borinn á tókustað.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins haldi kvikmyndatökuliðið sig á merktum stígum og fari eftir skilyrðum leyfisins. Gestir svæðisins geta orðið fyrir truflunum til skamms tíma en þar sem tókusvæðið er utan aðalgönguleiða ættu áhrifin að vera takmörkuð.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Dimmuborga sbr. lýsingu hér að ofan þann 21. október 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst

Arna Hjörleifsdóttir
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmlína Bragadóttir
sérfræðingur